



# Ársskýrsla 2019



## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu .....	3
Ávarp stjórnarformanns MS .....	4
Frá framkvæmdastjóra AH.....	5
Frá forstjóra MS .....	5
Fulltrúar deilda Auðhumlu .....	6
Stjórn Auðhumlu .....	7
Verðlaunahafar 2019 .....	8
Mjólkursamsalan ehf. 2019 .....	9
Tölulegar upplýsingar .....	10
Ársreikningur samstæðu 2019 .....	13
Áritun óháðra endurskoðenda .....	14
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra .....	16
Rekstrarreikningur ársins 2019 .....	17
Efnahagsreikningur .....	18
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019 .....	20
Yfirlit um eigið fé ársins 2019 .....	21
Skýringar .....	22
Viðauki .....	34



---

Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss  
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar  
Ljósmyndir: Þorsteinn Jónsson og Þórhildur Jónsdóttir  
Ljósmynd af stjórnarformanni: Gunnar Leifur Jónasson  
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Gunnar Leifur Jónasson  
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Garðar Eiríksson  
Prentun: Prentmet

---

# Ávarp stjórnarformanns Auðhumlu

Ágúst Guðjónsson



Á liðnu ári náðu Bændasamtök Íslands og stjórnvöld samkomulagi um endurskoðun á samningi um starfskilyrði nautgriparæktarinnar. Markmið samkomulagsins er óbreytt fyrir utan að við bætist að stuðla eigi að framþróun og nýsköpun í nautgriparækt. Þá er áhersla lögð á rannsóknir og menntun ásamt sjálfbærari og umhverfisvænni framleiðslu. Þá var fallið frá niðurfellingu heildargreiðslumarks sem átti að taka gildi þann 1. janúar 2021 og mun því greiðslumark gilda áfram út samningstímann. Þar með hefur kyrrstaðan verið rofin sem greinin bjó við til skamms tíma. Það er mjög jákvætt fyrir greinina að línur séu búnar að skýrast og kúabændur landsins viti að hverju þeir gangi næstu árin þó vissulega sé enn óljóst hvernig viðskipti með greiðslumark þróist næstu misseri.

Mjólkurframleiðsla ársins 2019 var 151,8 milljónir lítra sem er ekki langt frá nýslegnu Íslandsmeti. Sala á fitugrunni var 146,9 milljónir lítra en 126,2 milljónir lítra á próteingrunni þannig að próteinhallinn var tæplega 21 milljón lítrar. Það er vissulega áhyggjuefni hve próteinhallinn hefur aukist hratt síðustu árin. Þar vega tveir þættir þyngst, aukin neysla á fituríkum vörum og aukinn innflutningur vegna tvíhliða tollasamnings sem var gerður haustið 2015 við ESB og tók gildi 1. maí 2018. Jafnframt hefur komið í ljós að fluttur hefur verið inn mjólkurostur sem hefur verið tollflokkaður sem jurtaostur. Þannig að innflutningurinn á mjólkurvörum fyrir árið 2019 nam hátt í 10 milljónum lítra.

Árið 2019 varð 185 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu svf. en tap upp á 409 milljónir króna árið áður. Þetta er jákvæður viðsnúningur upp á 154 milljónir ef horft er fram hjá stjórnvaldssekt sem félagið greiddi 2018. Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam 53%. Hagræðingar- aðgerðir síðustu tveggja ára hjá Mjólkursamsölunni, dótturfélagi Auðhumlu, hafa skilað sér í betri rekstri og eru árin 2018 og 2019 bestu rekstrarár Mjólkursamsölunnar frá stofnun þess félags. Það þarf að halda áfram að lækka skuldir og tryggja reksturinn enn frekar því ekkert er mikilvægara fyrir íslenska kúabændur því þeir byggja lífsafkomu sína á þessum fyrirtækjum. Í upphafi árs var hlutfjárukning í Mjólkursamsölunni upp á 1 milljarð og þar með Kaupfélag Skagfirðinga fór upp í 15% eignarhlut, nýttist þessi hlutfjárukning öll til að lækka skuldir Mjólkursamsölunnar. Það er algjört lykilatriði fyrir kúabændur landsins að rekstur þessara félaga okkar sé með þeim hætti að við getum sinnt nauðsynlegu viðhaldi á húsnæði og tækjum til að iðnaðurinn geti staðið í fremstu röð.

Á stjórnarfundum Auðhumlu 26. febrúar síðastliðinn var samþykkt að sameina verkefni Fyrirmyndarþú og Mjólkureftirlitið undir nafninu Gæðaeftirlit Auðhumlu og fella niður greiðslur fyrir Fyrirmyndarþú frá 1. maí

2020. Stefnt er að því að einfalda nálgun á því hvernig úttektir verða framkvæmdar, m.a. með hliðsjón af hlutverki MAST í veitingu starfsleyfa. Þetta er gert m.a. vegna þess að þátttaka í verkefni Fyrirmyndarþú hefur ekki orðið eins og vonir stóðu til í upphafi og rekstur Auðhumlu er viðkvæmur og stendur ekki undir álagsgreiðslum af þessu tagi. Þetta þýðir þó ekki að slakað sé á gæðakröfum eða eftirliti af hálfu Auðhumlu. Hjá Auðhumlu eru starfandi þrjú gæðaráðgjafar (kölluðust mjólkureftirlitsmenn áður) sem hafa eftirlit með gæðamálum mjólkur og koma til með að gera úttektir hjá framleiðendum þó það verði með öðrum hætti en var í Fyrirmyndarþúverkefni. Sigurður Grétarsson hefur verið ráðinn sviðsstjóri Gæðaeftirlits Auðhumlu en hann er bændum af góðu kunnur enda með langa starfsreynslu er kemur að mjóltum, mjaltatækni og gæðamálum þeim tengdum. Þegar Fyrirmyndarþúverkefnið fór af stað á sínum tíma var hugmyndin sú að þetta þyrfti að vera „lifandi plagg“ og ætti að taka mið af aðstæðum á hverjum tíma. Þessar breytingar eru liður í því að þróa verkefnið þannig að það nýstist bændum og afurðastöðvum þeirra sem best í sínu innra gæðaeftirliti. Samhliða þessum breytingum hefur Jarle Reiesen dýralæknir látið af störfum og eru honum þökkúð góð störf í þágu bænda og Auðhumlu.

Starfshópur, sem landbúnaðarráðherra skipaði og á að endurskoða verðlagsmálin, hefur tekið til starfa. Mikilvægt er að Landssamband kúabænda og mjólkuriðnaðurinn vinni þétt saman í þessu máli og verði leiðandi í þessu nefndarstarfi og tryggi að ef gerðar verði breytingar að þær séu til bóta fyrir bændur og iðnaðinn. Þá má aldrei gleymast í þessum viðræðum hvaða skyldur búvörulög 99/1993 og búvörusamningar leggja á afurðastöðvar sem taka á móti mjólk frá bændum. Þar ber helst að nefna eftirfarandi:

- Söfnunar- og móttökuskylda á allri mjólk í landinu, hvort sem um er að ræða mjólk innan greiðslumarks (kvóta) eða mjólk utan greiðslumarks (umframmmjólk). Ákvæði um móttöku umframmmjólkur leiðir af söfnunar- og móttökuskyldu mjólkur þar sem það skýrist ekki fyrr en í febrúar - mars ár hvert hversu mikil umframmmjólk verður til á árinu áður, samkvæmt skilgreiningu laga og reglugerðar um greiðslumark. En það er þegar magnuppgjöri Búnaðarstofu lýkur fyrir næstliðið ár.
- Samkvæmt ákvæðum laga skal mánaðarlegu afurðauppgjöri við innleggjendur lokið eigi síðar en 10. dag næsta mánaðar eftir innleggsmánuð. Þess má geta að samanlögð greiðsluskylda fyrir móttækna mjólk innan greiðslumarks, samkvæmt ákvæðum laga og búvörusamnings, nemur um 13,5 milljörðum króna á árinu 2020.
- Samhliða móttökuskyldu Mjólkursamsölunnar á allri mjólk, innan sem utan greiðslumarks, er það á ábyrgð Mjólkursamsölunnar, í gegnum Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, að halda öryggisbirgðir/ lágmarsbirgðir í landinu. Mjólkursamsalan

í sinni markaðsráðandi stöðu þarf að standa straum af öllum þeim kostnaði sem fylgir því birgðahaldi. Jafnframt að tryggja að það umframmmjólkurmagn, sem ber að flytja úr landi, samkvæmt magnuppgjöri Búnaðarstofu og útflutningsskyldu laga, sé sannanlega flutt úr landi. Það er einnig í ábyrgð Mjólkursamsölunnar að gera stjórnvöldum grein fyrir því, og þá sækja um undanþágu frá útflutningsskyldu laga, ef það stefnir í vöruskort á innanlandsmarkaði.

- Mjólkursamsölunni ber að tryggja grunnrannsóknir á allri móttækinni mjólk í landinu. Það snýr að rannsóknum á efnainnihaldi mjólkur til verðmætamælinga til bænda, sýklarannsóknur bæði til gæðamats og einnig vegna opinberra rannsókna vegna tilmæla vegna heilbrigðismála. Einnig ber Mjólkursamsölunni að tryggja eftirlit og leit að hugsanlegum lyfjaleifum í allri hrámmjólk sem vigtuð er í afurðastöðvar.
- Mjólkursamsalan verður að uppfylla sölu- og dreifingarskylda á öllum mjólkurvörum hvert á land sem er á sama verði til allra viðskiptavina, óháð staðsetningu þeirra í landinu.
- Mjólkursamsölunni ber að halda upplýsingar og koma þeim til stjórnvalda vegna allrar móttöku og ráðstöfunar mjólkur innanlands í sölu og birgðir og til útflutnings svo stjórnvöld geti metið stærð og þarfir innanlandsmarkaðar hverju sinni.

Í upphafi vetrar var haldið Búnaðarþing þar sem var kosin ný stjórn Bændasamtakanna þar sem fleiri búgreinar koma að borði en áður hefur þekkt. Mér sýnist að allar búgreinar séu að vakna til lífsins með að það borgi sig að standa saman sem ein heild enda hafa allar þessar búgreinar sömu hagsmunu að gæta, að íslenskir neytendur velji íslensk matvæli á diskinn sinn. Jafnframt stendur yfir endurskoðun á félagsmálakerfi bænda sem er nauðsynlegt að endurskoða með það að markmiði að efla hagsmunagæslu íslensks landbúnaðar.

Það eru vissulega krefjandi tímar fram undan þar sem samkeppnisumhverfi mjólkuriðnaðarins er að breytast mjög hratt um þessar mundir. Þessu verður að svara með öflugri vörubrúun og gaman að segja frá því að nýjar vörur Mjólkursamsölunnar á síðasta ári voru að seljast fyrir 1 milljarð á ársgrundvelli. Þá eru ýmis málefni sem eru að þróast mjög hratt í löndunum í kringum okkur, eins og til dæmis bann við notkun á erfðabreyttu fóðri. Landssamband kúabænda verður að leiða slík málefni og taka ákvarðanir sem styrkja íslenska mjólkurframleiðslu.

Að lokum vil ég þakka kúabændum, starfsfólki, viðskiptavinum og stjórnum félaganna fyrir gott samstarf á árinu.

# Ávarp stjórnarformanns MS

Elín M. Stefánsdóttir



Þegar þessi orð eru skrifuð erum við komin langt inn í árið 2020 sem hefur fram að þessu verið með óvenjulegasta móti. Við höfum sem þjóð fengist við viðfangsefni sem við höfum ekki þurft að glíma við áður. Hver útkoman verður eftir þetta óvenjulega tímabil mun koma betur í ljós þegar líða tekur á árið. Segja má að Mjólkursamsalan hafi verið í viðkvæmri stöðu þegar þessar aðstæður brustu á vegna erfiðs rekstrar mörg undanfarin ár þar á undan þó svo reksturinn sé að færrast í betra horf.

Rekstur Mjólkursamsölnunnar á síðasta ári var jákvæður og niðurstaðan var hagnaður upp á tæpar 170 milljónir, eða svipað og árið á undan, þrátt fyrir að engin opinber verðlagning hafi verið á síðasta ári og miklar launahækkanir vegna Lífskjarasamnings. Skuldalækkun var nokkur á síðasta ári og er það markmiðið að lækka skuldir áfram og vinna að frekari hagræðingu svo reksturinn fái það svigrúm sem þarf til að hægt sé að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir. Í þessu skyni var hlutfæ Mjólkursamsölnunnar aukið um einn milljarð á árinu sem leið. Eftir hlutfjáráukninguna er hlutur Auðhumlu aftur 85% og hlutur Kaupfélags Skagfirðinga kominn upp í 15% en hann hafði áður lækkað úr 15% í 9,9% árið 2009. Þessi hlutfjáráukning nýttist öll til skuldalækkunar.

Á síðasta ári setti Mjólkursamsalan sér samkeppnisréttaráætlun en mörg stærri fyrirtæki hafa innleitt slíkar áætlanir. Inni í áætluninni er greining á áhættuþáttum og viðbragðsáætlun. Vinnan miðar að því að lágmarka hættu og tryggja rétt viðbrögð. Þá fékk fyrirtækið jafnframt jafnlaunavottun. Úttekt jafnlaunavottunar gekk vel en sýndi að launamunur heildartekna var mjög lítil, eða 1,5% konum í vil. Gildir jafnlaunavottun fyrir árin 2020-2023.

Eins og bændur vita er það kerfi, sem við búum við, samspil margra þátta sem m.a. eiga að gæta að hagnæmni bændna og neytenda og stuðla að því að framleiðsla innlendra landbúnaðarvara sé tryggð og skapi störf, haldi landinu í byggð og tryggi heilnæm matvæli á borðum Íslendinga sem og gesta sem sækja landið heim.

Endurskoðun búvörusamninga, sem gerðir voru 2016, fór fram seint á síðasta ári en einn stærsti þátturinn, sem snertir mjólkuriðnaðinn beint, eru verðlagsmálin. Þar hefur lengi verið talað um að það verðlagskerfi,

sem við búum við, sé ónothæft og barn síns tíma. Þau sjónarmið geta átt rétt á sér en þegar nánar er skoðað snýst málið kannski meira um hvernig framkvæmd á skipan í verðlagsnefnd hefur verið háttað og að nefndin starfi eftir þeim lögum sem henni eru sett. Vinna við endurskoðun verðlagskerfisins er í gangi og í fyrsta skipti hefur iðnaðurinn aðkomu að þeirri vinnu. Landbúnaðarráðherra hefur staðið fyrir einföldun regluverks og er það vel að mörgu leyti. Hluti af þeirri vinnu er nú í meðförum Alþingis þar sem meðal annars er lagt til að skipunartími verðlagsnefndar verði fjögur ár. Ekki var leitað samráðs né álits frá kúabændum né mjólkuriðnaðinum af Alþingi og er það miður enda er þarna um að ræða nefnd sem snertir rekstur kúabænda og mjólkuriðnaðarins með afgerandi hætti.

Stór hluti af starfsumhverfi mjólkuriðnaðarins og þar með bænda eru tollamálin. Það er ekki hægt að horfa til breytinga á verðlagskerfinu meðan stöðugt er þrengt að okkur með auknum innflutningi landbúnaðarvara án tolla, bæði vegna gerðra fríverslunarsamninga og einhliða af hálfu stjórnvalda. Það er því jákvætt að núna standi yfir úttekt á hagsmunum Íslands af tollasamningi við Evrópusambandið en mikilvægt er að standa stöðugt vaktina hvernig þessum málum er háttað. Við verðum að gera þá kröfu til stjórnvalda að til Íslands rati einungis vörur sem eru seldar á raunverði, vörur af góðum gæðum og ekki sé vegið að innlendra matvælaframleiðslu með hringlandahætti í skilgreiningu tollnúmera. Innlend matvælaframleiðsla, sem aðeins fyrir nokkrum vikum síðan var skilgreind með þjóðhagslega mikilvægum greinum meðan Covid-19 geisaði, þarf þann stuðning í dag svo hún verði til staðar á morgun.

Hin langa saga samkeppnismálsins frá árunum 2011-2013 heldur áfram og nýlega veitti Hæstiréttur Mjólkursamsölnunni leyfi til áfrýjunar enda talið að dómur í málinu gæti haft fordæmisgildi fyrir samkeppnisrétt. Lengi hefur verið gagnrýnd sú heimild Samkeppniseftirlitsins að það geti höfðað mál gegn úrskurði Áfrýjunarnefndar, sem er æðra stjórnvald, ef það er ekki sátt við niðurstöðu þess, líkt og í málinu gegn Mjólkursamsölnunni. Samkvæmt drögum að breytingum á samkeppnislögum, sem kynnt voru í samráðsgátt almennings á síðasta ári, var gert ráð fyrir að þessi heimild SKE væri afnumin. Samkeppnis-

eftirlitið hélt því hins vegar fram að það samræmdist ekki EES-samningnum og svo fór að drögum var breytt áður en þau fóru til Alþingis til meðferðar. Viðskiptaráð Íslands hefur hins vegar bent Alþingi á að sú tilskipun, sem eftirlitið bendir á, hafi ekkert gildi þar sem hún hafi ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Þá sé túlkun Samkeppniseftirlitsins á tilskipuninni heldur þröng og benda samtökin á að auðvelt sé að afnema heimildina þótt tilskipunin væri síðar tekin upp í EES-samninginn. Hvernig sem fer á vettvangi Alþingis mun það ekki breyta málinu gegn Mjólkursamsölnunni en breyting á þessari heimild Samkeppniseftirlitsins kæmi í veg fyrir að önnur fyrirtæki þyrftu að þola svo langan málarekstur með tilheyrandi kostnaði og fyrirhöfn.

Undirrituð hefur nú gegnt hlutverki stjórnarformanns í tæp tvö ár. Þetta hefur að mörgu leyti verið skemmtilegur tími en líka erfiður og mörg átakamál í gangi. Er það einlæg ósk mín og trú að íslenskum bændum og hagsmunafélögum bænda takist að standa vörð um fjöreggið sitt sem Mjólkursamsalan er og láti innbyrðis átök í greininni ekki skemma fyrir sér. Efnahagslega hefur Covid-19 haft áhrif um allan heim nú þegar og því fyrirséð að keppa þurfi að því að halda rétt á hlutum á þessu ári.

Ég þakka gott samstarf á síðasta ári og megi okkur vegna vel á komandi ári

# Frá framkvæmdastjóra AH

Garðar Eiríksson



Árið 2019 var innlögð mjólk næstum því jafnmikil og árið áður sem var metár. Erfitt er að umbreyta öllu þessu mjólkurmagni í fjármuni svo viðunandi sé. Erlendir markaðir eru erfiðir viðfangs og tekur langan tíma að afsetja vöru og verðin eru auk þess lág. Þá hafa álagsgreiðslur kenndar við Fyrirmyndarþú ekki skilað því sem vonir stóðu til og því hefur verið ákveðið að fella þær niður.

Hagræðingaraðgerðir hafa verið töluverðar og þannig náðst að hagræða fyrir því sem næst kjarasamningsbundnum hækkunum. Með hlutafjárhækkun í MS náðist að lækka skuldir en lausafjárstaða samstæðunnar var engu að síður erfið allt árið. Miklar útborganir úr stofn-

sjóði á umliðnum árum hafa auk þess verið íþyngjandi. Öllum má ljóst vera mikilvægi þess að reksturinn sé jákvæður og að það takist að lækka skuldir. Þannig verða félögin fær um að takast á við framtíðina. Til þess þarf þó að fást sátt um verðlagningu, rekstur og umgjörð mjólkuriðnaðarins í okkar harðbýla landi.

Vegna Covid-19 faraldursins og samkomubanns stjórnvalda var aðalfundi, sem halda átti þann 30. apríl síðastliðinn, frestað. Er það í fyrsta sinn í sögu félagsins sem það gerist. Óvíst er hvaða áhrif þessi faraldur kann að hafa á sölu mjólkurafurða. En þessar aðstæður sýna hins vegar fram á nauðsyn innlestrar framleiðslu og að við séum sem mest sjálfbær.

Við þessar aðstæður á samfélagið að taka höndum saman og gera sáttmála um íslenskan landbúnað og starfsskilyrði hans, þannig að hægt sé að framleiða okkar hreinu úrvalsvörur og reka afurðastöðvarnar án þess að vera ávallt í vörn sökum neikvæðni af hálfu vissra ríkisstofnana og pólitískra afli. Líklega er það bara óskhyggja að búast megi við slíku.

Þakkar færi ég mjólkurframleiðendum, starfsfólki og öðrum samstarfsaðilum fyrir góð samskipti á liðnu ári.

# Frá forstjóra MS

Ari Edwald



Á síðasta ári var rekstrarhagnaður (ebidta) samstæðu Mjólkursamsölunnar 1.544 milljónir króna en var 1.491 milljón króna árið áður sem er aukning um 3,5%. Hagnaður fyrir skatt var 229 milljónir króna (215 milljónir króna árið 2018), þar af var hlutdeild dóttur- og hlutdeildarfélaganna tæpar 100 milljónir króna. Ísey útflutningur skilaði 104 milljónum króna en 50% hlutdeild í Íslenskum mysuafurðum skilaði um 5 milljóna króna tapi sem er góður árangur svo skömmu eftir að próteinframleiðslan þar hóf starfsemi.

Í heild má segja að niðurstaða rekstrar Mjólkursamsölunnar sé ásættanleg miðað við aðstæður sem fyrirtækið hefur ekki vald yfir þótt afkoma fyrirtækisins þyrfti að vera betri. Engar verðhækkunar urðu á söluvörum MS á árinu 2019. Verðlagt var í september 2018, 20 mánuðum eftir síðustu verðhækkun þar á undan en á sama tíma tók fyrirtækið á sig miklar launahækkunar og aðrar kostnaðarhækkunar. Kjarasamningsbundnar launahækkunar voru um 235 milljónir króna á síðasta ári og skattahækkunar á bifreiðareksturinn um 32 milljónir króna. Í heild mun Lífskjarsamningurinn svokallaði kosta Mjólkursamsöluna um 1 milljarð króna á árunum 2019-2022, að óbreyttu starfsmannahaldi. Fyrirtækið náði að vinna úr framangreindum og fleiri kostnaðarhækkunum síðasta árs með hagræðingu án þess að afkoma hafi gefið eftir. Það er ánægjulegt að hlutafjárukning á síðasta ári

upp á 1 milljarð króna hafi skilað sér í samsvarandi lækkun skulda en reksturinn náð að standa undir fjárfestingum. Einnig er jákvætt að á þessu ári hefur verið horft til kostnaðarþróunar við verðlagningu í tveimur áföngum, í janúar og júní, og skref stigið til að draga úr undirverðlagningu á smjöri.

Hagnaður eftir skatt var 167 milljónir króna á síðasta ári sem er sama niðurstaða og árið 2018, að frátalinni sekt Samkeppniseftirlisins upp á 440 milljónir króna sem var gjaldfærð það ár eftir niðurstöðu Héraðsdóms, Samkeppniseftirlitinu í vil. Staða þessa máls er nú sú að Landsréttur staðfesti héraðsdóminn í mars síðastliðnum en Hæstiréttur hefur fallist á beiðni MS um áfrýjunarleyfi og því ljóst að endanleg úrslit málsins munu ráðast þar.

Sala ársins 2019 á innanlandsmarkaði var 25,443 milljarðar króna, jókst um 862 milljónir króna, eða 3,5% samanborið við 2,9% vöxt árið áður. Stærsta breytingin á markaðnum sneri að kólnun á fyrirtækjamarkaði. Vöxtur þar nam aðeins 10,9 milljónum króna sem er 0,16% og aðeins 1,3% af hækkun sölutekna á síðasta ári. Á undanföllum árum hefur það oft verið nálægt helmingi. Áætlun ársins 2020 gerði ráð fyrir um 3,7% aukningu sölutekna, eða um 950 milljónum króna. Sala ársins fór ágætlega af stað en Covid-19 hefur sett strik í reikninginn. Frá apríl hefur samdráttur á fyrirtækja-

markaði verið um 40% og þó það hafi að mestu unnist upp með aukinni sölu á verslanamarkaði eru heildarsölutekjur frá upphafi Covid-19 nær sölu síðasta árs en áætlun gerði ráð fyrir. Auk þess hefur ýmis kostnaður aukist, t.d. umbúðakostnaður, vegna smærri eininga og gengislækkunar.

Stjórn Mjólkursamsölunnar leggur mikla áherslu á að nýta þau tækifæri sem felast í erlendri starfsemi og var forstjóra félagsins um mitt síðasta ár falið að leiða það starf en aðstoðarforstjóra að annast daglegan rekstur innanlands í samvinnu við forstjóra. Á árinu bar hæst hjá Ísey að auka og þétta samvinnu við samstarfsaðila okkar erlendis, undirbúa sölu skyr í Japan og sókn í Bretlandi og á nýjum svæðum. Einnig hefur verið unnið að því að koma skry á markað frá Íslandi til fleiri landa en Sviss og er þar horft til Danmerkur og Þýskalands. Þíse í Danmörku mun áfram selja sitt skyr í Coop verslunum eins og verið hefur en hefur fallist á að Ísey geti selt skyr frá Íslandi til annarra verslana. eru tengsl komin á við Dagrofa fyrirtækið sem rekur m.a. Meny og Spar keðjurnar og fyrstu Ísey skyrdósinar komnar í þær verslanir. Í ljósi vaxandi próteinhalla væri óskandi að árangur yrði af þessu verkefni.

Mjólkursamsalan þakkar Auðhumlu og kúabændum gott samstarf á síðasta ári.

# Fulltrúar deilda Auðhumla

á aðalfundi 15. júní 2020

## Austurlandsdeild

Aðalfulltr.: Björgvin Gunnarsson  
Herdís Magna Gunnarsdóttir

Varafultr.: Jón Steinar Elísson  
Þórainn Páll Andrésón

Varafultr.: Hörður Óli Guðmundsson  
Ágúst Gunnarsson  
Samúel U. Eyjólfsson  
Sigurður Kristmundsson  
Þórunn Andrésdóttir  
Arnór Hans Þrándarson

Haga  
Stærribæ  
Bryðjuholti  
Haga  
Bryðjuholti  
Þrándarholti

## Austur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Sæmundur Jón Jónsson

Varafultr.: Eiríkur Egilsson

## Flóa- og Ölfusdeild

Aðalfulltr.: Haraldur Einarsson  
Anne B. Hansen  
Stefán Geirsson

Urriðafossi  
Smjördölum  
Gerðum

## Vestur-Skaftafellsdeild

Aðalfulltr.: Kjartan Magnússon  
Magnús Sigurjónsson

Varafultr.: Gunnar Þorsteinsson  
Atli Rafn Hróbjartsson

Varafultr.: Reynir Þór Jónsson  
Fanneý Ólafsdóttir  
Margrét Jónsdóttir

Hurðarbaki  
Hurðarbaki  
Syðra-Velli

## Eyjafjalladeild

Aðalfulltr.: Ármann Fannar Magnússon  
Magðalena Jónsdóttir

Varafultr.: Sigríður Björk Ólafsdóttir  
Ragnar Lárusson

Varafultr.: Haraldur Magnússon  
Ásthildur Skjaldardóttir

Belgsholti  
Bakka

## Landeyjadeild

Aðalfulltr.: Rafn Bergsson  
Karel Geir Sverrisson  
Garðar Guðmundsson

Varafultr.: Axel Sveinbjörnsson  
Silja Ágústsdóttir

Varafultr.: Guðmundur Magnússon  
Lilja Guðrún Eyþórsdóttir

Káraneskoti  
Vestri-Reyni

## Borgarfjarðardeild

Aðalfulltr.: Egill Gunnarsson  
Birna Hauksdóttir

Varafultr.: Brynjar Bergsson  
Jón E. Einarsson

Hvanneyri  
Skáney

Refsstöðum  
Mófellsstaðakoti

## Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild

Aðalfulltr.: Laufey Bjarnadóttir  
Pétur Diðriksson  
Kristján Á. Magnússon  
Halldór J. Gunnlaugsson

Stakkhamri  
Helgavatni  
Snorrastöðum  
Hundastapa

## Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild

Aðalfulltr.: Guðmundur Ómar Helgason  
Þórir Már Ólafsson

Varafultr.: Árni Sigurpálsson  
Páll Eggertsson

Varafultr.: Jón Svavar Þórðarson  
Sigurbjörg Ottesen  
Helgi Ólafsson

Ölkeldu III  
Hjarðarfelli  
Þverholtum

## Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild

Aðalfulltr.: Hannes Ólafsson  
Daníel Magnússon

Varafultr.: Ágúst Sæmundsson  
Borghildur Kristinsdóttir

Varafultr.: Sigrún Sigurðardóttir  
Björn Birkisson

Miðjanesi  
Hóli  
Skerðingsstöðum

Varafultr.: Sigrún Sigurðardóttir  
Björn Birkisson

Lyngbrekku 2  
Botni

## Uppsveitadeild

Aðalfulltr.: Hermann Geir Karlsson  
Sigríður Jónsdóttir  
Eiríkur Jónsson  
Bragi Viðar Gunnarsson  
Páll Jóhannsson  
Jórunn Svavarsdóttir

## Vestur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Valgerður Kristjánsdóttir  
Guðný Helga Björnsdóttir

Varafultr.: Sigurður Kjartansson  
Gísli G. Magnússon

Mýrum 3  
Bessastöðum

Hlaðhamri  
Staðarbakka

# Stjórn Auðhumlu



Efri röð f.v.: Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Linda B. Ævarsdóttir, Elin M. Stefánsdóttir og Ásvaldur Ævar Þormóðsson.  
Neðri röð f.v.: Garðar Eiríksson, Jóhanna Hreinsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvin R. Gunnarsson.

## Starfssvæði Auðhumlu



### Formaður

Ágúst Guðjónsson, Læk

### Varaformaður

Jóhanna Hreinsdóttir, Káraneskoti

### Ritari

Þórunn Andrésdóttir, Bryðjuholti

### Meðstjórnendur

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Stóru-Tjörnum  
Elin M. Stefánsdóttir, Fellshlíð  
Björgvin R. Gunnarsson, Núpi  
Óttar Bragi Þráinsson, Miklaholti

### Varamenn

Linda B. Ævarsdóttir, Steinnýjarstöðum  
Hrafnhildur Baldursdóttir, Litla-Ármóti  
Haraldur Magnússon, Belgsholti

### Skoðunarmenn

Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I  
Hannes Ólafsson, Austvaðsholti

### Varaskoðunarmenn

Geir Árdal, Dæli  
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

### Frankvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

■ Starfssvæðið

## Austur-Húnaþingsdeild

Aðalfulltr.: Sigurður Magnússon  
Ingvar Björnsson  
Linda B. Ævarsdóttir

Hnjúki  
Hólabaki  
Steinnýjarstöðum

Varafulltr.: Ólafur Kristjánsson  
Ingibjörg Sigurðardóttir  
Auður Ingimundardóttir

Höskuldsstöðum  
Auðólfstöðum  
Hólabæ

## Norðausturdeild

Aðalfulltr.: Ásta Pétursdóttir  
Vaka Sigurðardóttir  
Helga Hallgrímsdóttir  
Geir Árdal  
Aðalsteinn Hallgrímsson  
Guðmundur Óskarsson  
Stefán Magnússon

Hranastöðum  
Dagverðareyri  
Hvammi  
Dæli  
Garði  
Hríshóli  
Fagraskógi

Dagbjört Jónsdóttir  
Kjartan Smári Stefánsson  
Hákon Harðarson  
Berglind Kristinsdóttir

Sökku  
Múla  
Svertingsstöðum 2  
Hrafnagili

Varafulltr.:

Friðgeir Sigtryggsson  
Tryggvi Jóhannsson  
Aðalsteinn Hreinsson  
Hilmar Kári Þráinsson  
Baldur Helgi Benjamínsson  
Ari Heiðmann Jósavínsson  
Kristín Hermannsdóttir

Breiðumýri  
Hvassafelli  
Auðnum  
Litlu-Reykjum  
Ytri-Tjörnum  
Miðhvammi  
Merkigili

Alls 50 fulltrúar

# Verðlaunahafar 2019



Verðlaunahafar í Hvalfjarðardeild, Borgarfjarðardeild og Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ólfusdeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.



Verðlaunahafar í Rangárbíingadeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.



Verðlaunahafi í V-Skaftafellsdeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt framkvæmdastjóra og stjórnarformanni Auðhumlu.

Innl.númer	Nafn	Heimili	Deild
10208	Félagsbúið	Skorrastað	Austurlandsdeild
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
20215	Kolsholt ehf.	Kolsholti	Flóa- og Ólfusdeild
20238	Hurðarbaksbúið ehf.	Hurðarbaki	Flóa- og Ólfusdeild
20313	Gísli Hauksson og Jónína Einarsdóttir	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ólfusdeild
20330	Tún í Flóa ehf.	Túni	Flóa- og Ólfusdeild
20606	Sæludalur ehf.	Skipholti 3	Uppsveitadeild
20608	Samúel U. Eyjólfsson og Þórunn Andrésdóttir	Bryðjuholti	Uppsveitadeild
20612	Þór Bjarnar Guðnason og Marta E. Hjaltadóttir	Kópsvatni	Uppsveitadeild
20618	Gunnar K. Eiríksson og Magga S. Brynjólfssdóttir	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20619	Bragi Viðar Gunnarsson	Túnsbergi I	Uppsveitadeild
20674	Grænagerði ehf.	Miðfelli 1	Uppsveitadeild
22221	Bolette Höeg Koch	Hæli 1	Uppsveitadeild
20928	Félagsbúið	Saurbæ	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
20933	Félagsbúið Guttormshaga	Guttormshaga	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
20937	Gunnar Guttormsson	MartEinstungu	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-,Landm.-, Ása- og Djúpardeild
21428	Þjarni Jónsson og Kristín Bragadóttir	Selalæk	Fljótshl.,Hvols-og Rangárvalladeild
21975	Sigríður Björk Ólafsdóttir og Jóhann Jenson	Fit	Eyjafjalladeild
22018	Hildisey ehf.	Stóru-Hildisey 1	Landeyjadeild
22021	Jóhann Nikulásson	Stóru-Hildisey 2	Landeyjadeild
22116	Sigríður Valdimarsdóttir	Álfhólum	Landeyjadeild
22613	Péturseyjarbúið ehf.	Pétursey	V-Skaftafellsdeild
23095	Eystra-Hraun ehf.	Eystra- Hrauni	V-Skaftafellsdeild
30018	Sigvaldi Jónsson og Björg María Þórsdóttir	Hægingi	Borgarfjarðardeild
30021	HL ehf.	Brekukoti	Borgarfjarðardeild
30144	Jón Einarsson	Mófellsstaðakoti	Borgarfjarðardeild
30187	Mjólk og menn ehf.	Gunnlaugsstöðum	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
30621	Guðjón Jóhannesson og Guðný H. Jakobsdóttir	Syðri-Knarrartungu	Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild
33309	Ólafur Sigurgeirsson og Hrönn Friðriksdóttir	Þaravöllum	Hvalfjarðardeild
36306	Ásthildur Skjaldardóttir og Birgir Aðalsteinsson	Bakka	Hvalfjarðardeild
46300	Jóel Bæring Jónsson	Saurstöðum	Breiðafjarðardeild
58206	Halldór Pálsson	Súlvöllum ytri	Vestur-Húnaþingsdeild
58504	Ósbúið ehf.	Syðsta-Ósi	Vestur-Húnaþingsdeild
58511	Pétur Sigvaldason	Nedri-Torfustöðum	Vestur-Húnaþingsdeild
60002	Heimavöllur ehf.	Hvammi	Norðausturdeild
60017	Helga B. Haraldsdóttir og Hjörtur Haraldsson	Víðigerði	Norðausturdeild
60051	Hrísvellir ehf.	Möðruvöllum	Norðausturdeild
60089	Árni Sigurlaugsson og Guðrún Jónsdóttir	Villingadal	Norðausturdeild
60094	Rífkelsstaðir 2 ehf.	Rífkelsstöðum 2	Norðausturdeild
60100	Sigurgeir Pálsson og Jórunn Agnarsdóttir	Sigtúnum	Norðausturdeild
60107	Ytri-Tjarnir ehf.	Ytri-Tjörnum	Norðausturdeild
60192	Pröstur Þorsteinsson	Moldhaugum	Norðausturdeild
60216	Haraldur og Vaka	Dagverðareyri	Norðausturdeild
60338	Aðalsteinn H. Hreinsson	Auðnum 1	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson og Dagbjört Jónsdóttir	Sökku	Norðausturdeild
60451	Trausti Þórisson og Ásdís Gísladóttir	Hofsá	Norðausturdeild
60490	Sveinn Kjartan Sveinsson og Steinunn Úlfarsdóttir	Melum	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marínósdóttir og Gunnar Þór Þórsson	Búrfelli	Norðausturdeild
60516	Karl Ingi Atlason og Erla Hrönn Sigurðardóttir	Hóli	Norðausturdeild
60527	Hjálmar Herbertsson og Gunnhildur Gylfadóttir	Steindyrum	Norðausturdeild
60535	Friðrik Þórarinnsson og Sigurbjörg Karlsdóttir	Grund	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K. Karlsson og Sigurbjörg Einarsdóttir	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum	Norðausturdeild
68234	Sveinbjörn Þór Sigurðsson og Hulda Kristjánsdóttir	Búvöllum	Norðausturdeild
68308	Arndísarstaðir ehf.	Arndísarstöðum	Norðausturdeild
68408	Óxará rekstrarfélag ehf.	Óxará	Norðausturdeild
68423	Sigurður Birgisson	Krossi	Norðausturdeild
68454	Floasi Gunnarsson og Unnur Pétursdóttir	Hrafnstöðum	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti	Norðausturdeild

Fjöldi: 61

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar:

Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem:

- Hámark frumutölu í mánuðinum sé 200 þúsund frumur/ml eða lægra, mælt og reiknað sem faldmeðaltal.
- Hámark líftölu í mánuðinum sé 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins.
- Hámark frírra fitusýra sé 9,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar.



# Mjólkursamsalan ehf. 2019



Efri röð f.v.: Pálmi Vilhjálmsson, Ari Edwald, Óttar Bragi Þráinsson, Þórunn Andrésdóttir, Linda B. Ævarsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir og Ásvaldur Æ. Þormóðsson.  
Neðri röð f.v.: Sigurjón Rúnar Rafnsson, Þórólfur Gíslason, Elín M. Stefánsdóttir, Ágúst Guðjónsson og Björgvin R. Gunnarsson.

## Stjórn Mjólkursamsölnunar skipa

### Aðalmenn

Elín Margrét Stefánsdóttir, formaður  
Þórólfur Gíslason, varaformaður  
Ágúst Guðjónsson, meðstjórnandi  
Þórunn Andrésdóttir, meðstjórnandi  
Ásvaldur Þormóðsson, meðstjórnandi

### Varamenn

Jóhanna Hreinsdóttir  
Björgvin R. Gunnarsson  
Linda B. Ævarsdóttir  
Sigurjón Rúnar Rafnsson

### Forstjóri

Ari Edwald

### Aðstoðarforstjóri

Pálmi Vilhjálmsson

### Endurskoðendur

Deloitte ehf.  
Benóní Torfi Eggertsson  
Árni Þór Vilhelmsson

## Rekstur

Tekjur innanlands voru áætlaðar 26.876 milljónir króna fyrir árið 2019 en raunsalan endaði í 26.759 milljónum og vantaði því aðeins 117 milljónir upp á áætlun, eða 0,4%. Tekjuaukning frá árinu 2018 var 984 milljónir króna, eða um 3,7%. Seld voru 2.239 tonn af viðbiti, 6.187 tonn af ostum og 1.173 tonn af dufti. Einnig voru seldir 45 milljónir lítra af ferskvörum.

Á árinu 2019 var 167 milljóna króna hagnaður af rekstri félagsins sem er svipaður hagnaður og var árið áður, að frátalinni gjaldfærslu sektar Samkeppniseftirlitsins en taka ber fram að engin verðhækkun var á árinu. Hlutfé félagsins var aukið um 1.000 milljónir króna á árinu og á Auðhumla í árslok 85% hlut í félaginu en Kaupfélag Skagfirðinga 15% hlut. Snemma árs 2020 staðfesti Landsdómur dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli félagsins gegn Samkeppniseftirlitinu en ákveðið hefur verið að óska eftir áfrýjunarheimild til Hæstaréttar.

Á síðasta ári seldu samstarfsaðilar Mjólkursamsölnunar um 12.307 tonn af skyri en það jafngildir um 72.000 milljón dósnum. Skyrið var selt í Bandaríkjunum, Finnlandi, Noregi, Sviss, Hollandi, Belgíu og Færeyjum. Snemma á árinu 2020 er síðan ætlunin að hefja sölu á Ísey skyri í Japan.

Heildareignir Mjólkursamsölusamstæðunnar voru í árslok 2019 15.707 milljónir króna og eigið fé var 7.577 milljónir króna og samsvaraði það 48,2% eiginfrjárhlutfalli.


Stöðugildi á árinu 2019 voru 441 og fækkaði um 1% á milli ára. Starfsemin fer fram á fimm starfsstöðvum um allt land.

Hagræðing hjá félaginu undangengin ár hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks sem það verðskuldar þakki fyrir.


# Tölulegar upplýsingar




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2019 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2019 umreiknuð í lítra m.v. prótein



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2019 umreiknuð í lítra m.v. fitu



Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2019 umreiknuð í lítra m.v. prótein



## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

Árið 2019	Árið 2018	Breyting 2019-2018	
		Lítrar	Hlutfall
11.022.122	11.875.634	-853.512	-7,19%
10.478.007	11.108.768	-630.761	-5,68%
11.627.073	12.502.347	-875.274	-7,00%
12.288.060	12.372.138	-84.078	-0,68%
12.605.583	12.970.600	-365.017	-2,81%
11.619.408	12.241.076	-621.668	-5,08%
12.505.431	11.815.657	689.774	5,84%
11.268.682	11.109.045	159.637	1,44%
10.444.561	9.689.791	754.770	7,79%
10.664.081	10.419.281	244.800	2,35%
10.437.774	9.911.296	526.478	5,31%
11.098.572	10.485.976	612.596	5,84%
136.059.354	136.501.609	-442.255	-0,32%

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

Árið 2019	Árið 2018	Breyting 2019-2018	
		Lítrar	Hlutfall
12.299.992	13.235.681	-935.689	-7,07%
11.682.536	12.366.313	-683.777	-5,53%
12.956.364	13.899.533	-943.169	-6,79%
13.686.398	13.750.690	-64.292	-0,47%
14.038.656	14.478.073	-439.417	-3,04%
12.969.303	13.657.614	-688.311	-5,04%
13.937.810	13.217.796	720.014	5,45%
12.609.749	12.438.053	171.696	1,38%
11.654.482	10.893.869	760.613	6,98%
11.944.263	11.651.920	292.343	2,51%
11.644.858	11.077.214	567.644	5,12%
12.414.257	11.742.224	672.033	5,72%
151.838.668	152.408.980	-570.312	-0,37%

# Tölulegar upplýsingar



## Fjöldi innleggjenda í deildum 2019 og 2018

Nafn deildar	31.12. 2019	31.12. 2018	Mismunur
Austurlandsdeild	21	21	0
Austur-Skaftafellsdeild	7	8	-1
	28	29	
Vestur-Skaftafellsdeild	23	26	-3
Eyjafjalladeild	19	20	-1
Landeyjadeild	25	27	-2
Fljótshlíðar-, Hvals- og Rangárvalladeild	16	16	0
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	17	18	-1
Uppsveitadeild	65	67	-2
Flóa- og Ölfusdeild	36	36	0
	201	210	
Hvalfjarðardeild	20	20	0
Borgarfjarðardeild	16	16	0
Snæfellsnes- og Mýradeild	37	39	-2
	73	75	
Breiðafjarðardeild	27	27	0
Vestur-Húnaþingsdeild	18	19	-1
Austur-Húnaþingsdeild	27	27	0
Norðausturdeild	129	129	0
	174	175	
Alls Auðhumla	503	516	-13

## Fjöldi kúabúa með innlegg á árinu og/eða greiðslumark í lok árs

	Fjöldi innleggjenda		2019						2018					
			Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum						Greiðslumark á kúabú í þús. lítrum					
	2019	2018	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú	<50 þús.	50-100 þús.	100-200 þús.	200-300 þús.	>300 þús.	Meðaltal pr. kúabú
Austur- og Suð-Austurland	29	31	3	2	9	4	11	285.606	4	3	9	4	11	270.296
Suður-og Vesturland	287	297	9	21	101	78	78	245.623	14	27	85	84	90	243.260
Dalir og Vestfirðir	28	29	1	8	8	8	3	181.796	1	5	11	8	4	179.788
Húnaþing	47	48	3	7	18	14	5	174.820	2	6	22	10	8	177.320
Norðurland	131	132	5	12	25	34	55	282.225	6	11	31	30	54	274.038
Auðhumla	522	537	21	50	161	138	152	246.411	27	52	158	136	167	243.412

# Tölulegar upplýsingar



## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

	Meðalfita 2019	Meðalfita 2018	Meðalprótein 2019	Meðalprótein 2018
Heiti deildar				
Austurlandsdeild	4,18	4,14	3,38	3,34
Austur-Skaftafellsdeild	4,16	4,17	3,33	3,30
Vestur-Skaftafellsdeild	4,21	4,18	3,32	3,31
Eyjafjalladeild	4,18	4,16	3,34	3,30
Landeyjajadeild	4,16	4,17	3,31	3,28
Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild	4,16	4,22	3,28	3,29
Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild	4,15	4,17	3,34	3,33
Uppsveitadeild	4,18	4,20	3,31	3,29
Flóa- og Ölfusdeild	4,19	4,20	3,32	3,30
Hvalfjarðardeild	4,14	4,14	3,30	3,26
Borgarfjarðardeild	4,17	4,19	3,30	3,32
Snæfellsnes- og Mýradeild	4,19	4,18	3,28	3,27
Breiðafjarðardeild	4,11	4,16	3,30	3,30
Vestur-Húnaþingsdeild	4,17	4,12	3,34	3,30
Austur-Húnaþingsdeild	4,13	4,15	3,33	3,34
Norðausturdeild	4,20	4,18	3,39	3,37
Auðhumla	4,19	4,18	3,36	3,32

## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2019 AH og KS

Afurðastöðvar	Framleitt innan gr.marks	Framleitt umfram samning	Framleitt alls
Auðhumla svf.	129.734.782	6.324.572	136.059.354
Mjólkursamlag KS	15.239.234	540.080	15.779.314
Heimavinnsla	25.985		25.985
Samtals Auðhumla og KS	145.000.001	6.864.652	151.864.653

Heimild: Búnaðarstofa og aðildarfélag SAM



# Ársreikningur samstæðu 2019

# Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Auðhumlu svf. fyrir árið 2019. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um eigið fé, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2019, efnahag hennar 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Auðhumlu svf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela ófjárhagslega upplýsingagjöf í viðauka með samstæðuársreikningi, sem við fengum fyrir áritunardag, og ársskýrslu Auðhumlu svf., að undanskildum samstæðuársreikningnum og áritun okkar á hann sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um né veitum staðfestingu á efni þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar berum við ábyrgð á að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Auðhumlu svf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun, framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðu-ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar, í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, byggist á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir, sem notaðar eru, og tengdar skýringar séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrgir fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum einir ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tíma- setningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 3. apríl 2020

#### Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson  
endurskoðandi

Árni Þór Vilhelmsson  
endurskoðandi

#### Kjörnir skoðunarmenn

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan. Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykpta félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hannes Ólafsson

Eiríkur Jónsson

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2019 er rafrænt undirritaður af endurskoðendum og skoðunarmönnum.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. tekur, auk móðurfélagsins, til dótturfélaga félagsins sem eru fimm. Mjólkursamsalan ehf. sem er framleiðslufyrirtæki sem tekur við mjólk til framleiðslu á drykkjarmjólk, ostum, skyri og fleiri mjólkurvörum. Dótturfélag Mjólkursamsölnunnar, Ísey útflutningur ehf., sem tók til starfa 1. júlí 2018, lætur framleiða skyr í Danmörku undir vörumerkinu Ísey skyr og selur til Finnlands, Bretlands, Frakklands og Hollands auk þess að selja einkaleyfi á framleiðsluvörum félagsins. Bitruháls ehf. starfrækir sjálfvirka bílaþvottastöð fyrir stærri bíla í eigu Auðhumlu svf. Í Mjólkurbúi Flóamanna ehf., Norðurmjólk ehf. og Osta- og smjöröslunni ehf. er engin starfsemi á árinu 2019.

## Starfsemi á árinu

Hagnaður samstæðunnar á árinu samkvæmt rekstrarreikningi nam ....	185.352
Eignir samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi námu ....	21.083.591
Bókfært eigið fé í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	11.165.681
Inneign í stofnsjóði í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam .....	1.916.868
Eiginfjárlutfall samstæðunnar í árslok samkvæmt efnahagsreikningi nam	53,0%
Fjöldi ársverka á árinu nam .....	447

## Úrskurður Samkeppniseftirlitsins

Á miðju ári 2016 lagði Samkeppniseftirlitið sekt á dótturfélag félagsins að fjárhæð kr. 440.000.000 vegna meintra brota á samkeppnislögum og kr. 40.000.000 vegna ásakana um að félagið hefði leynt gögnum. Dótturfélagið áfrýjaði úrskurði Samkeppniseftirlitsins til Áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem sneri við úrskurði Samkeppniseftirlitsins um meint brot á samkeppnislögum og felldi niður sektina sem sneri að því máli. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði úrskurði Áfrýjunarnefndar til Héraðsdóms Reykjavíkur sem felldi dóm í málinu í júlí 2018 og lagði kr. 440.000.000

sekt á dótturfélagið. Þessum dómi var áfrýjað til Landsréttar og féll dómur í málinu í mars 2020 þar sem Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Stefnt er að því að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar.

## Stofnsjóður og eigendur

Í lok árs er fjöldi félagsaðila 566 í stofnsjóði en þeir voru 577 í upphafi árs. Enginn stofnsjóðseigandi á yfir 10% af stofnsjóði. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur 54,7 milljónum króna. Úr stofnsjóði voru greiddar 213,4 milljónir króna.

## Tillaga til aðalfundar

Stjórn félagsins leggur til að reiknaðir verði 2% vextir af höfuðstól stofnsjóðs miðað við stöðu hans í árslok 2019 en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

## Stjórn félagsins

Stjórn félagsins skal skipuð sjö aðalmönnum og skulu þeir kosnir á aðalfundi úr hópi félagsmanna til eins árs í senn. Í aðalstjórn skal hlutfall hvors kyns fyrir sig ekki vera lægra en 40%. Í stjórn Auðhumlu svf. sitja þrjár konur og fjórir karlmenn og uppfyllir því skilyrði um kynjahlutföll skv. 9. gr. samþykta félagsins.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir félagið upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál. Jafnframt er gerð grein fyrir stefnu félagsins í mannréttindamálum ásamt öðru. Framangreindar upplýsingar eru settar fram í viðauka við samstæðuársreikning.

## Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Auðhumlu svf. koma fram í samstæðu-ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með samstæðuársreikning félagsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. apríl 2020

## Í stjórn

Ágúst Guðjónsson  
stjórnarformaður

Jóhanna Hreinsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Björgvin R. Gunnarsson

Þórunn Andrésdóttir

Ástvaldur Þormóðsson

Elín M. Stefánsdóttir

## Framkvæmdastjóri

Garðar Eiríksson

Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2019 er rafrænt undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.



# Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur .....	4	31.015.188	30.314.587
Aðrar tekjur .....		1.161.785	1.160.131
Kostnaðarverð seldra vara .....		(22.830.624)	(22.458.511)
Laun og launatengd gjöld .....	5	(4.654.728)	(4.485.007)
Annar rekstrarkostnaður .....		(3.016.570)	(3.125.065)
Afskriftir fastafjármuna .....	7	(1.119.297)	(1.044.485)
<b>Rekstrarhagnaður</b>		555.755	361.649
Fjármunatekjur .....		25.474	24.366
Fjármagnsgjöld .....		(373.636)	(375.715)
	8	(348.162)	(351.350)
Hlutdeild í afkomu félaga .....		33.785	(21.579)
<b>Hagnaður (tap) fyrir skatta</b>		241.378	(11.280)
Tekjuskattur .....	9	(56.025)	41.299
<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>		185.352	30.019
Stjórnvaldssekt .....	10	0	(440.000)
<b>Hagnaður (tap) ársins</b>		185.352	(409.981)
<b>Hagnaður (tap) ársins sem tilheyrir:</b>			
Hlutdeild minnihluta .....		25.149	(27.120)
Hlutdeild Auðhumlu svf. ....		160.204	(382.861)

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	13.888.807	14.122.978
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	13	287.280	137.489
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	14	363.883	357.605
Skuldabréfaeign .....		21.717	25.626
Krafa á tengda aðila .....	18	24.755	0
		14.586.441	14.643.698
<b>Veltufjármunir</b>			
Vörubirgðir .....	15	3.541.271	3.338.372
Viðskiptakröfur .....		2.635.958	2.537.603
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....		18.584	25.565
Krafa á tengda aðila .....	18	46.701	15.752
Aðrar skammtímakröfur .....		186.297	241.212
Handbært fé .....		68.339	236.731
		6.497.151	6.395.235
<b>Eignir</b>		21.083.591	21.038.934

# 31. desember 2019

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eigið fé</b>			
Stofnsjóður .....		1.916.868	2.006.608
Sérstakur endurmatsreikningur .....		3.679.093	3.766.101
Bundinn hlutdeildarreikningur .....		138.046	66.905
Lögbundinn varasjóður .....		302.250	294.240
Óráðstafað eigið fé .....		3.992.912	3.879.223
Eigið fé meirihlutaeigenda .....		10.029.169	10.013.077
Hlutdeild minnihluta í eigin fé samstæðu .....		1.136.512	637.696
<b>Eigið fé</b>		<b>11.165.681</b>	<b>10.650.773</b>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	16	3.684.859	3.858.807
Aðrar langtímaskuldir .....	16	82.437	104.586
Fjármögnunarleigusamningar .....		392.645	683.923
Lífeyrisskuldbinding .....		304.721	317.591
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	1.013.723	983.089
		5.478.385	5.947.996
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....		2.168.182	2.229.983
Skuldir við lánastofnanir .....		1.177.469	1.025.479
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	16	506.574	590.505
Ógreiddir reiknaðir skattar .....	9	25.873	14.089
Skuldir við tengd félög .....	18	14.630	15.912
Aðrar skammtímaskuldir .....		546.798	564.196
		4.439.526	4.440.164
<b>Skuldir</b>		<b>9.917.910</b>	<b>10.388.161</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<b>21.083.591</b>	<b>21.038.934</b>

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		555.755	361.649
Afskriftir .....	7	1.119.297	1.044.485
Söluhagnaður fastafjármuna .....		(7.586)	(5.284)
(Lækkun), hækkun skuldbindinga .....		(12.871)	26.031
Niðurfærsla skuldabréfaeignar, breyting .....		(3.500)	0
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta .....		1.651.095	1.426.881
Vörubirgðir, (hækkun) .....		(202.899)	(121.524)
Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....		(89.566)	(169.754)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) .....		(73.828)	(168.704)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta .....		1.284.801	966.898
Innborgaðir vextir og arður .....		19.599	19.671
Greiddir vextir .....		(383.832)	(369.428)
Greidd stjórnvaldssekt .....		0	(440.000)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>920.569</b>	<b>177.141</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir/seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	11	(871.184)	(1.033.511)
Keypt skuldabréf .....		(32.220)	(20.940)
Afborganir skuldabréfa .....		50.340	48.698
Keyptir eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....	13	(154.563)	(44.830)
Keyptir eignarhlutar í öðrum félögum .....		(3.876)	(17.610)
(Hækkun)/lækkun á kröfum á tengda aðila .....		(2.600)	4.747
		<b>(1.014.102)</b>	<b>(1.063.446)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímaskulda .....		(487.417)	(189.689)
Afborganir fjármögnunarleigusamninga .....		(369.326)	(382.154)
Innborgun minnihluta á hlutafé dótturfélags .....		509.822	0
Nýjar langtímaskuldir .....		273.711	1.081.181
(Lækkun)/hækkun á skuldum við tengda aðila .....		(1.282)	1.666
Hækkun á skammtímaskuldum við lánastofnanir .....		151.990	551.499
Inntökugjald .....		956	561
Tillag í stofnsjóð .....		54.693	49.045
Útborgun úr stofnsjóði .....		(213.368)	(205.443)
		<b>(80.221)</b>	<b>906.666</b>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár .....		(173.754)	20.361
Handbært fé í upphafi árs .....		236.731	199.092
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		5.362	17.278
<b>Handbært fé í lok árs .....</b>		<b>68.338</b>	<b>236.731</b>

# Yfirlit um eigið fé ársins 2019

	Stofnsjóður	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2018 .....	2.109.864	4.155.877	4.276.076	664.816	11.206.633
Afskrift af endurmati .....		(89.191)	89.191		0
Tillag í stofnsjóð .....	49.045				49.045
Útborgun úr stofnsjóði .....	(205.443)				(205.443)
Inntökugjald .....	3.350		(2.789)		561
Vextir af stofnsjóði .....	49.793		(49.793)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl. ....			9.959		9.959
Fært á bundið eigið fé .....		60.560	(60.560)		0
Tap ársins .....			(382.861)	(27.120)	(409.981)
<b>Eigið fé 1.1.2019 .....</b>	<b>2.006.608</b>	<b>4.127.246</b>	<b>3.879.223</b>	<b>637.696</b>	<b>10.650.773</b>
Hlutfé til dótturfélags .....				509.822	509.822
Lækkun á hlutdeild frá fyrra ári .....				(36.155)	(36.155)
Afskrift af endurmati .....		(87.008)	87.008		0
Tillag í stofnsjóð .....	54.693				54.693
Útborgun úr stofnsjóði .....	(213.368)				(213.368)
Inntökugjald .....	900		56		956
Vextir af stofnsjóði .....	68.035		(68.035)		0
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta o.fl. ....			13.607		13.607
Fært á bundið eigið fé .....		71.141	(71.141)		0
Hagnaður ársins .....			160.204	25.149	185.352
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		8.010	(8.010)		0
<b>Eigið fé 31.12.2019 .....</b>	<b>1.916.868</b>	<b>4.119.389</b>	<b>3.992.912</b>	<b>1.136.512</b>	<b>11.165.681</b>

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Hlutdeildar- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Samtals annað bundið eigið fé
Eigið fé 1.1.2018 .....	6.345	294.240	3.855.292	4.155.877
Afskrift af endurmati .....			(89.191)	(89.191)
Fært á bundið eigið fé .....	60.560			60.560
<b>Eigið fé 1.1.2019 .....</b>	<b>66.905</b>	<b>294.240</b>	<b>3.766.101</b>	<b>4.127.246</b>
Afskrift af endurmati .....			(87.008)	(87.008)
Fært á bundið eigið fé .....	71.141			71.141
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		8.010		8.010
<b>Eigið fé 31.12.2019 .....</b>	<b>138.046</b>	<b>302.250</b>	<b>3.679.093</b>	<b>4.119.389</b>

Endurmatsreikningur er tilkominn vegna endurmats á fasteignum félagsins.

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Auðhumla svf. er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Auðhumla svf. er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Austurvegi 65, 800 Selfoss.

Ársreikningur þessi hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem samstæðunnar. Upplýsingar um dótturfélögin eru sett fram í skýringu 12.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að ákveðnar eignir og fjármálagerningar eru færðir á endurmetnu virði eða gangvirði, sjá nánar í skýringu 23 fyrir reikningsskilaaðferðir. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar greinast þannig:

Sala innanlands .....  
Sala erlendis .....

## 5. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun .....  
Lífeyrissjóður .....  
Önnur launatengd gjöld .....  
Annar starfsmannakostnaður .....

Meðalfjöldi stöðugilda .....

## 6. Þóknun til endurskoðenda

Endurskoðun ársreiknings .....  
Önnur þjónusta .....

	2019	2018
	28.344.018	27.579.403
	2.671.170	2.735.184
	31.015.188	30.314.587
	2019	2018
	3.754.195	3.572.836
	481.493	434.186
	337.337	333.635
	81.703	144.350
	4.654.728	4.485.007
	447	457
	2019	2018
	20.702	18.747
	7.368	5.214
	28.070	23.961

# Skýringar

## 7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna án endurmats .....	
Afskriftir af endurmati varanlegra rekstrarfjármuna .....	

## 8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:

Vaxtatekjur af bankareikningum .....	
Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign .....	
Arður af hlutabréfaeign .....	
Gengishagnaður .....	
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum .....	
Aðrar vaxtatekjur .....	

Fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	
Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum .....	
Gengistap .....	
Önnur vaxtagjöld .....	

## 9. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í samstæðuársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 56 milljónum króna (2018: 41,3 milljónir tekjufærðar). Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2020 nemur 25,9 milljónum króna (2019: 14,1 milljón).

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

Hagnaður (tap) fyrir skatta .....	
Skatthlutfall .....	
Fenginn arður .....	
Nýtt skattalegt tap vegna sameiningar .....	
Ófrádráttarbær stjórnvaldssekt .....	
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags .....	
Aðrir liðir .....	
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	

2019		2018	
Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
241.378		(451.280)	
(48.276)	20,0%	90.256	20,0%
55	0,0%	49	(0,0%)
0	0,0%	43.422	(9,6%)
0	0,0%	(88.000)	19,5%
6.757	2,8%	(4.417)	1,0%
(14.562)	(6,0%)	(10)	0,0%
(56.025)	(23,2%)	41.299	(9,2%)

## 10. Úrskurður Samkeppniseftirlitsins

Í september 2016 lagði Samkeppniseftirlitið 480 milljónir króna stjórnvaldssekt á félagið vegna misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi þennan úrskurð úr gildi í desember 2016 og lækkaði sektargreiðsluna í 40 milljónir króna. Samkeppniseftirlitið áfrýjaði úrskurði Áfrýjunarnefndar til Héraðsdóms Reykjavíkur sem felldi dóm í málinu í júlí 2018 og lagði 440 milljóna króna sekt á félagið. Þessum dómi var áfrýjað til Landsréttar og fell dómur í málinu í mars 2020 þar sem Landsréttur staðfesti dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Steft er að því að áfrýja dómi Landsréttar til Hæstaréttar.

# Skýringar

## 11. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir og lóðir	Verksmiðju- vélar og tæki	Bifreiðar og flutningatæki	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Staða 1.1.2018 .....	12.293.965	14.039.116	1.966.032	28.299.113
Eignfært á árinu .....	48.114	858.202	323.972	1.230.288
Selt og aflagt á árinu .....	0	(24.716)	(99.584)	(124.300)
Staða 1.1.2019 .....	12.342.079	14.872.601	2.190.420	29.405.101
Eignfært á árinu .....	10.605	855.649	41.639	907.893
Selt og aflagt á árinu .....	0	(11.893)	(91.057)	(102.950)
Staða 31.12.2019 .....	12.352.684	15.716.357	2.141.002	30.210.044
<b>Afskriftir</b>				
Staða 1.1.2018 .....	5.271.864	7.947.412	1.112.210	14.331.486
Afskrift ársins .....	175.412	679.461	189.613	1.044.485
Selt og aflagt á árinu .....	0	(24.276)	(69.572)	(93.848)
Staða 1.1.2019 .....	5.447.276	8.602.596	1.232.251	15.282.123
Afskrift ársins .....	173.490	745.215	200.592	1.119.297
Selt og aflagt á árinu .....	0	(6.722)	(73.462)	(80.184)
Staða 31.12.2019 .....	5.620.766	9.341.090	1.359.381	16.321.237
<b>Bókfært verð</b>				
Staða 1.1.2018 .....	7.022.101	6.091.704	853.822	13.967.627
Staða 1.1.2019 .....	6.894.803	6.270.005	958.170	14.122.978
Staða 31.12.2019 .....	6.731.918	6.375.267	781.622	13.888.807
<b>Bókfært verð án endurmats</b>				
Staða 1.1.2018 .....	2.202.986	6.091.704	853.822	9.148.512
Staða 1.1.2019 .....	2.187.178	6.270.005	958.169	9.415.352
Staða 31.12.2019 .....	2.133.053	6.375.268	781.622	9.289.943
Afskriftarhlutföll .....	2-6%	5-20%	3-20%	

Fasteignir samstæðunnar voru endurmetnar á árinu 2017 sem var fært til hækkunar á eignumum og á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjárreikninga og tekjuskatts-skuldbindingar. Við endurmatið var stuðst við mat óháðs fasteignasala og leiddi mat hans til þess að bókfært verð fasteigna hækkaði um 4,8 milljarða króna. Stjórnendur hafa lagt mat á virði fasteigna í árslok 2019 og stuðst við mat óháðs fasteignasala. Ekki þykir tilefni til þess að breyta matinu í árslok 2019.

Fasteignamat og vátryggingamat eigna samstæðunnar í árslok:	Fasteignamat	Vátryggingamat
Fasteignir og lóðir .....	9.705.056	17.714.496
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		21.516.859
Rekstrarstöðvunartrygging .....		11.159.437



# Skýringar

## 12. Félög í samstæðu

	Eignarhlutur	Meginstarfsemi
<b>Eignarhlutar í dótturfélögum:</b>		
Mjólkursamsalan ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	85,00%	Framleiðslufyrirtæki
Bitruháls ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Þvottastöð
Mjólkurbú Flóamanna ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Engin starfsemi
Norðurmjólk ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	100,00%	Engin starfsemi
Osta- og smjörnsalan ehf., Austurvegi 65, Selfossi .....	100,00%	Engin starfsemi
Ísey útflutningur ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	85,00%	Heildverslun með mjólkurafurðir

## 13. Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Gangvirði
<b>Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:</b>				
Íslenskar mysuafurðir ehf., Ártorgi 1, Sauðárkróki .....	50,00%	285.250	252.492	252.492
Ísey Skyrbar ehf., Bitruhálsi 1, Reykjavík .....	55,00%	399	34.543	34.543
Skyrheimar ehf., Sígtúni 3, Selfossi .....	49,00%	245	245	245
Breyting eignarhluta í hlutdeildarfélögum greinist þannig:			2019	2018
Staða í ársbyrjun .....			137.489	114.746
Keypt á árinu .....			154.563	44.830
Hlutdeild í afkomu .....			(4.772)	(22.087)
Staða í árslok .....			287.280	137.489

Á árinu jók samstæðan hlut sinn í Ísey Skyrbar ehf. úr 31,034% í 55% tímabundið. Á árinu 2020 er stefnt að því að eignarhlutur samstæðunnar fari niður í 50%.

## 14. Eignarhlutar í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. ....	89,62%		13.017
Fóðurblandan ehf. ....	15,70%	147.054	305.679
Ámundakinn ehf. ....	6,60%	11.500	18.619
Greið leið ehf. ....	0,03%	900	1.000
Vottunarstofan Tún ehf. ....	5,40%	500	500
Matgæði ehf. ....	0,04%	150	150
Selasetur Íslands ehf. ....	1,50%	50	0
Norðurvegur ehf. ....	2,66%	450	0
Icelandic Provisions Inc. ....	17,00%	486	21.972
Sláturfélag Suðurlands svf. B-deild .....	1,04%	2.080	2.080
Kaupfélag Árneseinga svf. B-deild .....	3,98%	4.100	820
Stofnsjóður samvinnutrygginga .....	Óverulegt		46
			363.883

# Skýringar

## 15. Vörubirgðir

	31.12.2019	31.12.2018
Fullunnar vörur .....	2.741.438	2.492.190
Hráefni .....	151.796	168.305
Umbúðir .....	418.873	483.357
Aðrar vörur .....	229.164	194.520
	<u>3.541.271</u>	<u>3.338.372</u>

Vörubirgðir í lok fjárhagsársins hafa verið metnar með tilliti til seljanleika og eru vörubirgðir færðar niður samkvæmt því mati. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og meðtalin í gjaldfærslu birgða er niðurfærsla að fjárhæð 100 milljónum króna (2018: 111 milljónir).

## 16. Langtímaskuldir

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir í erlendra mynt .....	106.630	142.469	0	0
Skuldir í íslenskum krónum, óverðtryggðar .....	0	0	3.594.618	3.736.285
Skuldir í íslenskum krónum, verðtryggðar .....	0	0	273.562	304.393
	<u>106.630</u>	<u>142.469</u>	<u>3.868.181</u>	<u>4.040.677</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(24.192)	(37.883)	(183.321)	(181.871)
Langtímaskuldir í árslok .....	<u>82.437</u>	<u>104.586</u>	<u>3.684.859</u>	<u>3.858.807</u>

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	Aðrar langtímaskuldir		Skuldir við lánastofnanir	
	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2019	31.12.2018
Næsta árs afborganir .....	24.192	37.883	183.321	181.871
Afborganir 2021/2020 .....	82.437	23.729	169.169	2.745.456
Afborganir 2022/2021 .....	0	80.857	126.193	128.069
Afborganir 2023/2022 .....	0	0	2.570.331	85.204
Afborganir 2024/2023 .....	0	0	87.837	86.133
Afborganir 2025/2024 .....	0	0	88.711	87.109
Afborganir síðar .....	0	0	642.620	726.837
	<u>106.630</u>	<u>142.469</u>	<u>3.868.181</u>	<u>4.040.677</u>

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldir við lánastofnanir .....	5,28%	5,88%
Aðrar langtímaskuldir .....	2,17%	2,28%

# Skýringar

## 17. Tekjuskattsskuldbinding

	Inneign/(skuldbinding)	
	2019	2018
Staða í ársbyrjun .....	(983.088)	(741.715)
Áhrif samsköttunar .....	(14.089)	(306.720)
Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds .....	13.607	9.959
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins .....	(56.025)	41.300
Tekjuskattur til greiðslu á komandi ári .....	25.873	14.089
Staða í árslok .....	(1.013.723)	(983.088)

Tekjuskattseign/(-skuldbinding) greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	(1.157.439)	(1.093.024)
Verðbréfaeign .....	3.500	4.200
Veltufjáreignir .....	(40.940)	(34.151)
Lífeyrisskuldbinding.....	60.944	63.518
Skammtímaskuldir .....	64.272	0
Starfslok .....	5.431	0
Frestaður gengismunur .....	79	1.021
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi .....	50.430	75.348
	(1.013.723)	(983.088)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í síðasta lagi sem hér segir:

	31.12.2019	31.12.2018
Frá hagnaði ársins 2026/2025 .....	0	14.931
Frá hagnaði ársins 2028/2027 .....	233.556	3.015
Frá hagnaði ársins 2029/2028 .....	18.592	358.794
	252.148	376.740

# Skýringar

## 18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint. Á meðal tengdra aðila samstæðunnar eru eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir samstæðunni, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Laun og hlunnindi stjórnarmanna og stjórnenda:

	2019	2018
Stjórnarmenn .....	44.667	42.273
Stjórnendur .....	219.063	181.797
	<u>263.730</u>	<u>224.070</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2019:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, félagasamtök .....	7.800	107		14.630
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag .....			15.000	
Ísey Skyrbar ehf., hlutdeildarfélag .....			30.919	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag .....			782	
Skyrheimar ehf., hlutdeildarfélag .....			24.755	
	<u>7.800</u>	<u>107</u>	<u>71.456</u>	<u>14.630</u>

Viðskipti við tengd félög árið 2018:

	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, félagasamtök .....	7.800	10		15.912
Íslenskar mysuafurðir ehf., hlutdeildarfélag .....			15.000	
Icelandic Provisions Inc., hlutdeildarfélag .....			752	
	<u>7.800</u>	<u>10</u>	<u>15.752</u>	<u>15.912</u>

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og ef um ótengda aðila væri að ræða.

# Skýringar

## 19. Fjárhagsleg áhættustýring

Samstæðan stýrir fjármagni sínu þannig að það viðhaldi rekstrarhæfi sínu á sama tíma og það hámarkar arðsemi hagaðila með sem bestu jafnvægi á milli skulda og eigin fjár. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um lágmarks eiginfjárstöðu.

Stjórnendur félagsins fylgjast með og greina fjárhagslegar áhættur í rekstri. Aðferðir vegna áhættustýringar eru yfirfarnar reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi félagsins. Eftirfarandi áhættur hafa verið greindar vegna fjármálagerna.

### Markaðsáhætta

Helstu áhættuþættir félagsins eru breytingar á gengi gjaldmiðla, vaxtabreytingar og verðbólga. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

### Gjaldmiðlaáhætta

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunnar er í erlendum gjaldmiðli og ber samstæðan áhættu vegna breytinga á gengi viðkomandi gjaldmiðla gagnvart íslensku krónunni. Samstæðan reynir að lágmarka gjaldmiðlaáhættu í gegnum eftirlit með gengisþróun og með viðeigandi samsetningu fjáreigna og fjárskulda í helstu viðskiptamiðlum.

Hér að neðan eru tilgreindir þeir gjaldmiðlar sem mest áhrif hafa á rekstur félagsins. Gengi þeirra og staða miðast við lokagengi tímabilsins.

	2019	2018	Breyting
USD .....	121,39	116,61	4,1%
GBP .....	159,81	148,69	7,5%
CAD .....	93,21	85,72	8,7%
DKK .....	18,24	17,89	1,9%
NOK .....	13,81	13,44	2,8%
SEK .....	13,03	13,06	(0,2%)
CHF .....	125,49	118,56	5,8%
JPY .....	1,12	1,06	5,5%
EUR .....	136,21	133,6	2,0%

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Eignir	Skuldir	Hrein staða
Staðan 31. desember 2019 .....	427.386	300.082	127.304
Staðan 31. desember 2018 .....	539.424	347.490	191.934

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 5% og 10% hækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart viðkomandi myntum hefði á afkomu og eigið fé miðað við stöðu eigna og skulda í viðkomandi mynt á reikningsskiladegi. Í töflu hér að framan má sjá stöðu eigna og skulda í erlendum myntum sem næmnigreiningin tekur til. Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin tekur til þeirra gjaldmiðla sem innifela mesta gengisáhættu. Greiningin tekur ekki tillit til skattaáhrifa og var unnin með sama hætti fyrir samanburðartímabilið. Áhrif á afkomu og eigið fé eru þau sömu þar sem matsbreyting undirliggjandi fjármálagerna í erlendri mynt er ekki í neinum tilvikum færð beint á eigið fé. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun á hagnaði og eigin fé. Lækkun á gengi íslensku krónunnar gagnvart neðangreindum gjaldmiðlum hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt.

	31.12.2019		31.12.2018	
	5%	10%	5%	10%
Áhrif á afkomu og eigið fé: .....	6.365	12.730	9.597	19.193

### Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðstreymi fjármálagerna muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Vaxtaáhætta myndast þar sem langtímaskuldir samstæðunnar bera fasta og breytilega vexti. Áhættunni er stjórnað með eftirliti með vaxtaþróun og viðeigandi blöndu af lánnum með föstum og breytilegum vöxtum.

# Skýringar

Vaxtakjör á lántökum samstæðunnar koma fram í skýringu 16 fyrir langtímaskuldir. Af vaxtaberandi skuldum bera 5.152 milljónir breytilega vexti (31. desember 2018: 5.213 milljónir) og 692 milljónir fasta vexti (31. desember 2018: 1.050 milljónir).

Í töflunni hér að neðan er sýnt hver áhrif af 50 og 100 punkta hækkun vaxta hefði á afkomu og eigið fé á reikningsskiladegi. Næmnigreiningin tekur til þeirra vaxtaberandi eigna og skulda sem bera breytilega vexti og miðast hún við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar. Næmnigreiningin endurspeglar þau áhrif sem koma fram í rekstrarreikningi og eigin fé án skattaáhrifa.

	31.12.2019		31.12.2018	
	50 pkt	100 pkt	50 pkt	100 pkt
Áhrif á afkomu og eigið fé .....	25.761	51.523	26.064	52.129

## Verðbólguáhætta

Vaxtaberandi skuldir að fjárhæð 273,6 milljónir króna eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs (31. desember 2018: 304,4 milljónir) og hefur þróun neysluvísitölu því áhrif á bókfærða stöðu lánanna og sjóðstreymi tengt þeim. Hækkun verðbólgu um 1% yfir árið hefði lækkað afkomu félagsins um 2,7 milljónir króna fyrir tekjuskatt (2018: 3 milljónir). Næmnigreiningin miðast við að allar aðrar breytur en þær, sem eru hér til skoðunar, séu fastar.

## Útlánaáhætta

Í útlánaáhhættu felst áhættan á því að mótaðilar samstæðunnar geti ekki staðið við skuldbindingar sínar sem leiðir til þess að samstæðan tapar á fjármálagningum sínum. Stjórnendur fylgjast reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhhættu og settar hafa verið útlánareglur hvað varðar samþykki og gjaldfresti nýrra viðskiptavina ásamt bankaábyrgðum til að lágmarka lánsáhhættu. Þær útlánareglur eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breyttar aðstæður mótaðila. Ekki er tekið tillit til undirliggjandi trygginga við mat á hámarks útlánaáhhættu.

Hámarks útlánaáhhætta er sú bókfærða staða sem er sundurliðuð hér að neðan:

	31.12.2019	31.12.2018
Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur .....	40.301	51.191
Kröfur á tengd félög .....	71.456	15.752
Viðskiptakröfur .....	2.635.958	2.537.603
Aðrar skammtímakröfur (án fyrirframgreiðslna) .....	50.708	407
Handbært fé .....	68.297	236.678
	<b>2.866.720</b>	<b>2.841.632</b>

## Lausafjáraáhhætta

Lausafjáraáhhætta er sú áhætta sem felst í því tapi sem samstæðan gæti orðið fyrir vegna þess að hún getur ekki staðið við skuldbindingar sínar innan tilskilinna gjaldfresta. Stjórnendur fylgjast með lausafjárstöðu með greiningu á gjalddaga fjáreigna og skulda til að tryggja að samstæðan geti endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Reglulega er fylgst með stöðu lausafjár, þróun sem orðið hefur og hvaða áhrif staða markaða og framtíðarhorfur geta haft á samstæðuna.

Skuldir 31. desember 2019:

	Innan árs	2021	2022	2023 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	2.720.117	0	0	0	2.720.117
Með breytilegum vöxtum .....	1.403.652	261.639	135.452	3.431.283	5.232.026
Með föstum vöxtum .....	300.659	232.402	108.471	51.771	693.303
	<b>4.424.428</b>	<b>494.041</b>	<b>243.923</b>	<b>3.483.054</b>	<b>8.645.446</b>

Skuldir 31. desember 2018:

	Innan árs	2020	2021	2022 eða síðar	Samtals
Óvaxtaberandi .....	2.789.067	0	0	0	2.789.067
Með breytilegum vöxtum .....	1.280.065	2.784.009	220.660	1.044.517	5.329.251
Með föstum vöxtum .....	370.900	292.874	229.686	159.373	1.052.833
	<b>4.440.032</b>	<b>3.076.883</b>	<b>450.346</b>	<b>1.203.890</b>	<b>9.171.151</b>

# Skýringar

## 20. Leigusamningar

Mjólkursamsalan hefur gert leigusamning við Ámundakinn ehf. um leigu á Hnjúkabyggð 34 á Blönduósi til ársins 2029 sem hægt er að framlengja tvö ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er tveggja ára gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Greidd leiga á árinu 2019 var 19,8 milljónir króna (2018: 6,9 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2020, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2019, eru 20 milljónir króna.

Mjólkursamsalan hefur einnig gert húsaleigusamning við Árfoss ehf. um leigu á Austurvegi 69 á Selfossi til ársins 2026 sem hægt er að framlengja eitt ár í senn. Leigusamningurinn er bundinn byggingarvísitölu og er eins árs gagnkvæmur uppsagnarfrestur. Greidd leiga á árinu 2019 var 15,6 milljónir króna (2018: 14,6 milljónir). Áætlaðar leigugreiðslur fyrir árið 2020, uppreiknaðar miðað við byggingarvísitölu í desember 2019, eru 15,9 milljónir króna.

## 21. Ábyrgðir, veðsetningar og önnur mál

Veðsetningar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings greinast þannig á eignarflokka:

	Bókfært verð veðsettra eigna	Fjárhæð skulda
Lán með veði í fasteignum .....	2.410.305	3.763.313
Lán með veði í birgðum og viðskiptakröfum .....	5.823.285	105.729
Lán með veði í fasteignum, birgðum, viðskiptakröfum og handbæru fé .....	7.872.839	2.600.000

## 22. Atburðir eftir lok reikningsskiladags

Mjög óvenjulegar aðstæður hafa nú skapast vegna kórónuveirunnar COVID-19. Veruleg óvissa er um hvaða áhrif þessi staða mun hafa á samstæðuna. Það er þó mat stjórnenda félagsins að ekki sé vafi um rekstrarhæfi þess vegna þessa.

## 23. Reikningsskilaaðferðir

### Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Yferráð eru til staðar þegar samstæðan hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinnning sinn af fjárfestingunni. Félagið endurmetur á reikningsskiladegi hvort yferráð yfir fjárfestingu séu til staðar með tilliti til ofangreindra þátta.

Rekstrarniðurstaða keypra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í rekstrarreikningi og yfirliti um aðra heildarafkomu frá og með kaupdegi eða fram að söludegi eftir því sem við á. Leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaganna eru gerðar þegar nauðsynlegt þykir og reikningsskilaaðferðir þeirra aðlagðar þeim sem samstæðan notar.

Markmið með gerð samstæðureikningsskila er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt við gerð reikningsskilanna.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur, sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

# Skýringar

---

## Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur, sem innheimtar hafa verið á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færðar til skuldar í efnahagsreikningi sem fyrirframinnheimtar tekjur. Tekjur, sem varða reikningsárið en innheimtast eftir lok þess, eru færðar til eignar í efnahagsreikningi.

## Skráning gjalda

Gjöld, sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu, eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld, sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár, eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld, sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur, sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna, er færður í rekstrarreikning. Peningalegar eignir og skuldir í erlendri mynt eru umreiknaðar miðað við gengi myntar í árslok og er áfallinn gengismunur færður í rekstrarreikning á meðal fjármagnsliða.

## Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru annaðhvort færðir samkvæmt kostnaðarverðsaðferð eða endurmatsaðferð. Samkvæmt kostnaðarverðsaðferðinni eru varanlegir rekstrarfjármunir færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignunum í tekjuhæft ástand. Samkvæmt endurmatsaðferðinni er notast við gangvirði á þeim degi sem varanlegir rekstrarfjármunir eru endurmetnir að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun.

Verðmatshækkningar vegna endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins, sem tilheyrir þeirri eign, færður á óráðstafað eigið fé.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.



# Skýringar

---

Eignir, þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu, eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er færður við rekstrarreikning við sölu.

## Eignarhlutar í hlutdeildarfélagum

Til hlutdeildarféлага teljast félag þar sem fjárfestir hefur veruleg áhrif á rekstrar- og fjármálastefnu. Félag er álitid hafa veruleg áhrif í öðru félagi ef það á 20% eða meira af atkvæðisrétti félagsaðila í því fyrirtæki, án þess að teljast hafa yfirráð. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi samstæðufélag gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

## Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

## Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefnikostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Dagverð er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádrögnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu vara og áætluðum sölukostnaði.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

## Handbært fé

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum afborgunum af höfuðstól og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að samstæðan verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söluþegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum með tilliti til áætlaðs fjárústreymis sem ábyrgðirnar kunna að valda í framtíðinni.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Um Auðhumla

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu um 500 mjólkurframleiðenda um land allt. Félagið er rekið á samvinnugrundvelli með takmarkaðri ábyrgð samkvæmt lögum um samvinnufélög nr. 22/1991. Félagssvæði Auðhumla nær yfir allt Ísland að undanskildum Skagafirði. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að taka við mjólk frá félagsmönnum og umbreyta í mjólkurafurðir sem seldar eru á markaði á Íslandi og erlendis. Þá er félaginu heimilt að reka hverja þá starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsmenn þess. Félaginu er meðal annars heimilt að stofna dótturfélög um starfsemi sína. Jafnframt er félaginu heimilt að fela utanaðkomandi aðila hluta af verkefnum sínum. Tilgangi sínum hyggst félagið ná meðal annars með því að:

- Reka afurðastöðvar (mjólkurbú).
- Stunda öflugt og skilvirkt sölu- og markaðsstarf með framleiðsluvörur félagsins og aðrar vörur eftir því sem henta þykir.
- Vera aðili að Mjólkursamsölunni ehf.
- Vera aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf.
- Leiðbeina félagsmönnum um meðferð mjólkur.
- Annast flutninga í eigin þarfir, fyrir félagsmenn og aðra.
- Annast rekstur og umsýslu fasteigna.
- Nýta þekkingu og aðstöðu félagsins til að skapa því aukinn arð af starfseminni innanlands sem utan.

Félagið er með höfuðstöðvar að Austurvegi 65, Selfossi.

Auðhumla er móðurfélag Mjólkursamsölnunnar ehf. með 85% eignarhlut. Mjólkursamsalan er rekstrarfélag mjólkuriðnaðarins á Íslandi og leiðandi fyrirtæki í matvælaíðnaði á Íslandi. Hlutverk félagsins er að taka við mjólk frá eigendum sínum og umbreyta í hollar og góðar mjólkurafurðir í takt við þarfir neytenda.

## Umhverfismál

Félagið einsetur sér í allri starfsemi sinni, allt frá söfnun mjólkur frá framleiðendum til framleiðslu og dreifingar fullunninnar vöru til viðskiptavina, að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með umhverfisstefnu sinni leitast félagið við að endurspeglar umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðisæðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni okkar til verndar umhverfinu og náttúru landsins. Til að ná sem bestum árangri í umgengni við umhverfi og lífríki leggur félagið megináherslu á eftirtalda þætti sem tengjast umhverfisvernd með beinum hætti:

### Loftslagsmál

Félagið leitast við að spara orku í starfsemi sinni en um leið að nota eins og kostur er umhverfisvæna orku sem framleidd er með sjálfbærum hætti.

### Vatnsverndar- og frárennismál

Rekstur afurðastöðva í mjólkurvinnslu krefst mikillar vatnsnotkunar. Því er brýnt að hafa nægan aðgang að góðu og heilnæmu neysluvatni sem stenst allar kröfur sem til þess eru gerðar. Til að svo megi vera er því jafnnaðsynlegt að umgangast aðgengi okkar að neysluvatni sem auðlind sem við þurfum að gæta að og varðveita.

### Umbúðir, aðfanganotkun og fastur úrgangur

Auk þess að reyna að lágmarka alla aðfanganotkun í starfseminni leggur félagið áherslu á: Að allar ytri umbúðir verði margnota þar sem því verður við komið. Að þær umbúðir, sem eru í beinni snertingu við vöruna og eru ekki endurnýtanlegar, verði framleiddar úr efnum sem eru endurnýtanleg. Þær umbúðir verði jafnframt framleiddar úr eins umhverfisvænum efnum og kostur er og efnisnotkun og samsetning þeirra þannig gerð að þær falli vel að sorpflokkun. Að allt það sorp, sem fellur til hjá starfsstöðvum félagsins og afhendist til endurvinnslustöðva, verði flokkað eftir þeim viðmiðum og reglum sem viðkomandi endurvinnslustöðvar vinna eftir hverju sinni. Rík áhersla verði lögð á sorpflokkun.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## Gæða- og matvælaöryggi

Á félagið er lögð sú áhersla að það tryggi viðskiptavinum sínum aðgang að öruggum og heilnæmum matvælum. Í þeim tilgangi vinnur félagið með skipulögðum hætti að eftirfarandi áherslu- og starfsþáttum:

### Mjólkurframleiðsla hjá kúabændum

Félagið grundvallar starfsemi sína á móttöku og vinnslu fyrsta flokks hráefnis sem ávallt er framleitt við bestu mögulegu aðstæður. Til viðbótar þeim opinberu kröfum, sem fram koma í lögum og reglum um aðstæður til framleiðslu matvæla, vinnur félagið skipulega að því að allir mjólkurframleiðendur, sem leggja inn mjólk hjá félaginu og samstarfsaðilum, uppfylli kröfur um öll þau viðmið og skilyrði sem ná yfir eftirtalda þætti í mjólkurframleiðslu á kúabúum: matvælaöryggi við framleiðslu, dýravelferð og umgengni og ásýnd kúabúa.

### Úrvinnsla mjólkur og framleiðsla mjólkurvara

Við söfnun og móttöku mjólkur og úrvinnslu hennar við framleiðslu mjólkurvara er stefna félagsins að tryggja matvælaöryggi með því að uppfylla opinberar kröfur, lög og reglugerðir og styðjast ávallt við bestu framleiðslutækni og traustan framleiðslubúnað sem skilar hámarks gæðum og stuðlar að sem mestu framleiðsluöryggi. Gæðastjórnun félagsins er samstarfsverkefni alls starfsfólks fyrirtækisins og lögð er áhersla á hvatningu, þjálfun, gott upplýsingastreymi og að skapa góðan vinnustað.

### Gæðaeftirlit og rannsóknir

Til að skapa góðan grundvöll að traustum starfsþáttum er reglubundið fylgst með hverjum þætti virðiskeðjunnar, allt frá mjólkurframleiðendum til fullunninnar vöru sem tilbúin er til afhendingar til neytenda. Til að ná þessum markmiðum tryggir félagið: Að til staðar sé vottað gæðakerfi í öllum starfsstöðvum félagsins og að það nái yfir alla virðiskeðjuna, allt frá hráefnismóttöku frá framleiðendum, innra eftirliti með framleiðslu mjólkurvara og til afhendingar fullunninnar vöru til viðskiptavina. Að í fyrirtækinu sé ávallt til staðar viðeigandi tækjabúnaður til nauðsynlegra mælinga og rannsókna. Að góð þekking starfsfólks sé til staðar

innan fyrirtækisins og reglubundin endurmenntun á sérviði eftirlits og rannsókna fari fram.

## Samfélagsleg ábyrgð

Með því að setja kröfur á birgja um gæði hráefnis samkvæmt gæðastefnu félagsins stuðlar það að dýravelferð þar sem gæði mjólkur byggjast á aðbúnaði og góðri umhirðu kúa. Að sama skapi hefur þetta einnig áhrif á matvælaöryggi.

### Hollustustefna

Félagið, fyrirtæki í eigu kúabænda á Íslandi, einsetur sér að framleiða hollar og fjölbreyttar mjólkurvörur í takt við þarfir neytenda. Markmið félagsins eru þrjúþætt: Að styðja við heilbriggt lífnefni neytenda. Að auka gagnsæi um hollustu og innihald vara. Að fjölga valkostum í mjólkurvörum og draga áfram úr sykri í bragðbættum mjólkurvörum.

### Lýðheilsa og heilbrigði

Félagið tekur þátt í ýmsum verkefnum þar sem það hvetur til bættrar lýðheilsu og heilbrigðis og er m.a. aðili að samstarfi við Beinverndarsamtökin og Íþróttakennarafélag Íslands. Einnig hefur félagið unnið með Embætti landlæknis og birt skilaboð frá því á mjólkurfernum. Til viðbótar leggur félagið áherslu á að styðja við íþróttastarf og hvetja til hreyfingar og holls mataræðis.

### Íslensk tunga

Félagið leggur áherslu á málrækt með því að styðja við íslenska tungu í markaðsstarfi fyrirtækisins. Félagið býður starfsfólki sínu af erlendum uppruna upp á íslenskukennslu svo það aðlagist samfélaginu betur og styður við verkefni sem efla íslenska tungu barna og unglinga. Félagið styður við íslenska ferðaþjónustu með því að fræða neytendur um íslenska náttúru á mjólkurfernum.

### Frumkvöðlastarfsemi

Félagið stuðlar að því að efla íslenskt atvinnulíf með því að eiga í samstarfi við fjölmörg lítil frumkvöðlafyrirtæki.

# Viðauki: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

## **Mannauður**

Ein helsta auðlind félagsins er mannaúður þess og þekkingin og reynslan sem hann býr yfir. Til að hlúa að starfsfólki hefur félagið sett fram skýra mannaúðsstefnu. Velliðan og öryggi starfsfólksins er félaginu hugleikin og því hefur félagið einnig markað sér stefnu um öryggi og vinnuvernd og um forvarnir gegn einelti og kynferðislegri áreitni.

Félagið styður við fjölbreytni í íslensku atvinnulífi með starfsfólk frá mörgum þjóðlöndum.

## **Mannauðs- og jafnréttisstefna**

Mannauðs- og jafnréttisstefna félagsins lýsir hvernig fyrirtækið sér fyrir sér þróun mannaúðsmála hjá fyrirtækinu. Hún hefur þann tilgang að vísa félaginu veginn þannig að afstaða fyrirtækisins í mikilvægum málaflokkum tengdum starfsfólkinu sé skýr. Hún felur í sér ákveðin skilaboð til starfsmanna, stjórnenda, stjórnar, eigenda og samfélagsins. Helstu áherslur hennar eru: liðsheild og gildi, ráðninga- og fjölbreytni, móttaka nýliða, þjálfun og fræðsla, stjórnun og endurgjöf, öryggi og vinnuvernd, einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi, þekkingar- og upplýsingmiðlun, jafnvægi milli vinnu og einkalífs, jafnrétti og sveigjanleg starfslok.

## **Jafnlaunavottun**

Undirbúningur jafnlaunavottunar stóð yfir á árinu og hlaut Mjólkursamsalan vottun skv. jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012 í desember 2019. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

## **Persónuvernd**

Vegna aukinna krafna laga um persónuvernd og vinnslu upplýsinga hóf félagið vinnu við skráningu ferla gagnvart þessum auknu kröfum. Þann 27. apríl 2016 skrifuðu forsetar Evrópuþingsins og -ráðsins undir nýja evrópska persónuverndarlöggjöf sem síðan kom til framkvæmda í Evrópu þann 25. maí 2018. Þar sem vernd persónuupplýsinga er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) var Ísland skuldbundið til að innleiða þessa nýju löggjöf í íslenskan rétt. Þann 15. júní 2018 tóku síðan gildi ný lög frá Alþingi um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Með þessum lögum var persónuverndarreglugerð Evrópusambandsins innleidd í íslenskan rétt.

## **Spillingar-, mútu- og mannréttindamál**

Stjórn félagsins hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart framkvæmdastjóra.

Félagið virðir almenn mannréttindi, rétt allra til félagafrelsis og kjarasamninga. Áhersla er lögð á að verktakar og undirverktakar fari eftir gildandi lögum í landinu, hvort sem um er að ræða starfsmenn þeirra eða eigin undirverktaka.

Félagið hefur ekki sett sér skrifleg viðmið um spillingu-, mútu- og mannréttindamál en vinna við það er komin af stað og lýkur væntanlega á árinu 2020.

